



Fundargerð

**Svæðisráð vestursvæðis - 93. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á
fjarfundi,
3. febrúar 2021, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Árni Pétur Hilmarsson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarféлага,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar,
Magnús Guðmundsson, framkvæmdastjóri,
Auður H. Ingólfssdóttir, formaður stjórnar.

1. Vestursvæði - fréttabréf - 1805022

Þjóðgarðsvörður vakti athygli á að fréttabréf vestursvæðis er komið á netið og í dreifingu. Sömuleiðis er ársskýrsla svæðisins fyrir 2020 komin á netið.

Svæðisráð þakkar kynningu og lýsir ánægju yfir vel unnu fréttabréfi vetrarins 2020-2021.

2. Vestursvæði - svæðisráðsfulltrúar - 1809022

Tillaga um vantraust á formann svæðisráðs, framhald umræðu á fundi svæðisráðs 21. desember 2020.

Svæðisráðsformaður óskar eftirfarandi bókunar:

Bókun svæðisráðsformanns

Svæðisráðsformaður hvarmar að hafa lagt fyrir svæðisráðið 14. október 2020 að velja á milli þriggja valkosta stjórnarformanns Vatnajökulspjóðgarðs um skilmála í Vonarskarði. Það voru mistök. Í ljós er komið, að stofnunum þjóðgarðsins hefði alls ekki verið heimilt lögum samkvæmt að taka þær ákvarðanir sem fólust í valkostum stjórnarformannsins til breytinga á skilmálum í Vonarskarði. Slíkt væri ólögmætt skv. skriflegri álitgerð hæstaréttarlögmanns 10. nóvember 2020, sem lögmenn þjóðgarðsins tóku undir í minnisblaði 10. desember 2020. Stjórn getur ekki samþykkt þessa valkosti og ráðherra ekki staðfest þá lögum samkvæmt. Auk þessa efnisgalla á valkostunum bar málið ekki að með þeim hætti sem málsmeðferðarreglur laga um þjóðgarðinn mæla fyrir um, þegar breyta á stjórnunar- og verndaráætlun og lögmenn þjóðgarðsins höfðu ráðlagt stjórnarformanni í minnisblaði sumarið 2019, eins og rakið er í lögfræðialitinu. Þessa valkosti átti ég því aldrei að leggja fyrir svæðisráðið s.l. haust og hefði ekki gert, hefði ég vitað það sem nú er vitað.

Það upphlaup sem 2-3 svæðisráðsfulltrúar hafa í framhaldi af þessu boðið uppá á síðustu fundum svæðisráðs hefur nú fætt af sér vantrauststillögu á mig, vegna þess að ég stend við framangreint, en stend ekki að afgreiðslu sömu fulltrúa á fundi ráðsins 14.

október 2020, sem í ljós er komið að er formlega og efnislega ólögmætt að standa að. Ég mun víkja af fundi undir þessum dagskrárlið, falli atkvæði í svæðisráði þannig að ég skuli víkja sæti við afgreiðslu vantrauststillögu Karls Ingólfssonar, og láta öðrum svæðisráðsfulltrúum ásamt varamanni eftir að meta hvort þeir hafi sannfæringu fyrir þessari vegferð innan þjóðgarðsins, með því að setja mig af sem formann og þar með stjórnarmann fyrir þær sakir að standa vörð um sama þjóðgarð. Svæðisráð hefur þegar ályktað á fundum sínum 22. febrúar og 19. mars 2019, líkt og það hafði áður gert árin 2017, 2016, 2014 og 2013, að ekki skuli heimila vélknúna umferð í Vonarskarði að sumri og hausti.

Ég tel það skyldu mína að standa vörð um stjórnkerfi Vatnajökulspjóðgarðs, sem ráðherraskipaður svæðisráðsfulltrúi. Ég mun sem fulltrúi í svæðisráði standa við náttúruverndarlög, sem hafa að geyma reglur um skrá yfir vegi í náttúru Íslands og ég mun fara að lögum um Vatnajökulspjóðgarð um málsmeðferð til breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun. Ég stend jafnframt með þeirri sannfæringu minni að ekkert hafi komið fram í umsagnar- og kynningarferli sem svæðisráð og stjórn stóðu fyrir 2019 og 2020 sem mælir með tilraunastarfsemi um utanvegaakstur í Vonarskarði. Ég er þar sammála mati eina stjórnarmannsins í Vatnajökulspjóðgarði, sem skipaður er í stjórn vegna þekkingar sinnar á málefnum þjóðgarða, varaformanninum, og eina stjórnarmanninum sem skipaður er sem fulltrúi umhverfisverndarsamtaka. Með þessu tek ég líka undir með Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Norðausturlands, Náttúrustofu Suðausturlands, Ferðafélagi Íslands, Landvarðafélags Íslands og öllum öðrum náttúruverndarsamtökum, sem tóku afstöðu í umsagnarferlinu 2020, en Náttúruverndarsamtökum Suðurlands, þau mæltu með akstri með leyfisveitingum og skilyrðum til málamiðlunar. Ég tek líka undir með Samtökum ferðapjónustunnar og Landgræðslunni um að þolmarkarannsókn sé þörf áður en akstur yrði heimilaður, en ekkert af þessu hefur enn fengið umfjöllun á vettvangi þjóðgarðsins. Enginn mælti með „tilraunaakstri“. Ég tel að mín afstaða í þessu máli sé fullkomlega málefnaleg.

Ég tek hinsvegar fram að eins og málið liggur fyrir, tel ég mér bæði rétt og skylt að taka þátt í umfjöllun um kröfu Karls Ingólfssonar um vantraust á mig, á sama hátt og svæðisráðmenn taka þátt í kosningu sjálfra sín sem formanns og varaformanns ráðsins. Þetta er í samræmi við afdráttarlaust álit lögfræðinga f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga í þessu máli í tölvupósti 28. janúar 2021 en þar er vísað til álits Umboðsmanns Alþingis nr. 4572/2005. Um hæfi mitt verður svæðisráð að kjósa, séu ekki allir sammála þessu álit, en ég ítreka að þessi aðför að mér fjallar í grunninn einungis um kröfu háværs hóps nú í aðdraganda umræðu Alþingis um Hálendisþjóðgarðsfrumvarp um að aflétta reglu þjóðgarðsins um að óheimilt sé að aka 12 km utanvegaleið um Vonarskarð að sumri og hausti, sem hvorki skipulag Ásahrepps né þjóðgarðsins heimilar.

Ég hef engar reglur brotið sem svæðisráðsformaður með því að standa við sannfæringu mína sem stjórnarmaður. Það hafa lögmennt þjóðgarðsins staðfest í sérstöku minnisblaði til þjóðgarðsins 10. desember 2020: „Skyldur formanns svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs“.

Karl Ingólfsson óskar eftir að bóka eftirfarandi tillögu:

Tillaga um vantraust á formann svæðisráðs Vestursvæðis VJP.

Á 90. fundi svæðisráðs lagði fulltrúi Þingeyjarsveitar fram vantraust á formann vegna framgöngu hans á fundi stjórnar VJP þann 26.11.2020 (sjá fundargerð). Tveir fulltrúar lýstu yfir stuðningi við tillöguna. Í framhaldinu setti fulltrúi umhverfisverndarsamtaka fram vantrauststillögu, sem ekki voru greidd atkvæði um þar sem fundarmaður vildi kynna sér málsatvik betur.

Skv lögum er formanni svæðisráðs heimilt að fara gegn meirihlutasamþykktum svæðisráðs á fundum aðalstjórnar. Byggir sú heimild á fundarsköpum Alþingis þar sem formenn þingnefnda lenda iðulega í minnihluta í sínum nefndarstörfum. Þetta skiptir litlu máli á þingi þar sem allir nefndarmenn hafa jafnt aðgengi að ræðupúlti Alþingis. Þetta er viðkvæmara mál í stjórnkerfi VJP þar almennir svæðisráðsmenn hafa enga aðkomu að fundum aðalstjórnar. Þar er formaður svæðisráðs þeirra eini talsmaður.

Á 91. fundi svæðisráðs kemur í ljós að á stjórnarfundum VJP 14.12.2020 lagði formaður svæðisráðs Vestursvæðis, ásamt fulltrúum umhverfisverndarsamtaka og varaformanni stjórnar VJP fram tillögu sem gengur þvert á meirihlutasamþykkt svæðisráðs Vestursvæðis um Vonarskarð. Svæðisráðsmenn höfðu enga vitneskju um þessa tillögu formannsins og að hann ynni áfram gegn meirihlutasamþykktum svæðisráðsins án þess að svæðisráð hefði vitneskju um það. Formaður neitaði að afhenda tillöguna en féllst á að sýna svæðisráðinu þessa umræddu tillögu á skjá á fundinum.

Það er því ljóst að mikið vantar uppá að traust ríki til starfa formanns sem hefur talað fyrir því að brýnt sé að stjórn VJP gangi ekki gegn samþykktum svæðisráða. Það virðist nú vera léttvægt þegar formaðurinn er ekki sammála meirihlutasamþykktum eigin svæðisráðs. Við þessar aðstæður er svæðisráðsmönnum illmögulegt að ná fram markmiðum sínum og stjórnsýsla þjóðgarðsins ómarkviss og óásættanleg. Af ofansögðu lýsir undirritaður yfir vantrausti á formann svæðisráðs og óskar eftir að vantraustið verði borið undir atkvæði á fundinum.

Karl Ingólfsson

Sandra Brá óskar þess að bókað sé að hún taki fyllilega undir bókun formanns. Ingibjörg óskar bókunar á stuðningi sínum við vantrausttillögu Karls Ingólfssonar.

Formaður leggur í hendur fundarins hvort hún þurfi að víkja sæti þegar greidd eru atkvæði um framkomna vantrausttillögu. Fundur samþykkir að hún víki ekki sæti.

Kosning um tillögu: Vantrausttillagan samþykkt með fjórum atkvæðum (KI,IE,ÁPH,SJ) gegn tveimur atkvæðum (SBJ,ÁBÓ).

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 13:45.